

NM

'85



KARATE

PS

REYKJAVÍK
19. Okt. '85

空手
KARATESAMBAND
ISLANDS

Ávarp Sveins Björnssonar forseta ÍSÍ

I tilefni fyrsta Norðurlandameistaramóts í karate, sem haldið er hér á landi, er mér bæði ljúft og skylt að flytja Karatesambandi Íslands og þáttakendum öllum og samsstarfsmönnum, hamingjuóskir Íþróttasambands Íslands.

Karatesambandið er yngsta sérssambandið innan ÍSÍ og íþróttin sjálf meðal hinna nýjustu sem iðkaðar eru hér á landi. Íðkun karate hefur farið mjög vaxandi hér-lendis á allra síðustu árum og að stofnun Karatesambandsins stóðu 6 héraðssambönd.

Eins og ávallt er, þegar nú íþróttagrein er að ryðja sér til rúms, er að mórgu að huga og marga byrjunarerfiðleik þarf að yfirstíga.

En í þróttin er í sjálh sér spennandi og krefjandi og þess vegna mikill áhugi meðal iðkenda. Það er síðan hið mikilvæga hlutverk þjálfara og félagslegra lelðtoga að leiða allt starfið inn á réttar brautir, þannig að karatefði-unin verði öllum aðilum til ánaegju og sóma. Ef ekki um, að hið unga sérssamband mun reynast starfi sínu vaxdið í þeim efnunum.

Að standa fyrir Norðurlandameistaramóti er í sér mikil viðurkenning og jafnframt sérlega ánaegjulegur íþróttaviðburður.

Eg læt þá ósk mína í ljós, að allir keppendur og starfsmenn leggast á eitt með að framkvæmd fari sem best úr hendi, þannig að við hinir fáum sem besta og gleggsta mynd af karateþróttinni. Mótsvaldið hér og nú, getur valdið miklu um meðbýr fyrir karateþróttina á komandi árum.

Til hamingju með fyrsta NM í karate á Íslandi.

Sveinn Björnsson



Ávarp formanns KAÍ

Það er vel við hæf að festa nokkur orð á blað í tilefni sliks tímamóta viðburðar, sem NM '85 er fyrir karate á Íslandi. Ísland hefur tekið þátt í Noreðurlandamótum frá 1982. Fjóldi þátttakenda frá Íslandi og árangur farið vaxandi. Það er því ánaegjuefni að geta haldið alþjóðamót hér-lendis með þátttökum erlendra keppendu frá Norðurlöndum.

Þetta er í fyrsta skipti sem er lendir keppendum keppa á Íslandi í karate og gerir það NM '85 að sterkasta karatemóti hér-lendis, hingað til. Það er mikilvæg reynsla fyrir íslensku keppendum að íá tækifæri til að keppa á heimavelli við karatemenn frá Norðurlöndum. Því í þeira hópi eru karatemenn á heimsmaelikvarða. Keppnis-

menn sem staðið hafa á verðlaunapóllum á Evrópumótum og heimsmeistaramótum.

Það er von stjórnar KAÍ að Norðurlandamót '85 í karate eigi eftir að takast vel og efla karatelfi á Íslandi.

KAÍ vill þakka öllum bæði keppendum, starfslöðum og áhorfendum fyrir ánaegjulegt NM '85.

Hannes Hilmarsson

Þjálfari íslenska landsliðsins Ólafur Wallevík

Ólafur Wallevík höf iðkun karate á Akureyri 1975. 1977 hélt hann til Noregs til náms og hélt þar áfram karatellokn. Hann hefur getið sér gott orð i Noregi, bæði sem keppnismaður og þjálfari.

Á NM 1982 í Finnlandi tóku þrír Íslendingar þátt í NM í fyrsta sinn og var Ólafur einn þeirra. Þar náiði hann 3 ja sæti í sinum þyngdarflokk og er það í fyrsta sinn sem íslenskur keppandi nær verðlaunasæti á karate-móti á erlendri grund. Frá

því að Ísland kom sér upp landsliðshóp í karate vor-í 1984 hefur hann verið þjálfari þess. Hann hefur átt mestan þátt í því að íslenska landsliðið í karate hefur stöðugt sott á hin Norðurlöndin á NM og nú síðast 1984 í Svíþjóð náiðum við verðlaunasæti í einum þyngdarflokk og töpuðum tæpt fyrir hinum löndunum í Sveita-keppnini. Með sama áframhaldí ætti Ísland að geta orðið skeinuhætt á NM-mótum framtíðarinnar, en Norðurlöndin eru framarlega í karate í

heiminum. Ólafur hefur á margan annan hátt stuðla að að því að íslenskt karate heftur slitið barnskónum og er en ný fyllilega sambærilegt því sem gerist best annars staðar á Norðurlöndunum og jafnvel viðar.

Karatesamband Íslands vill nota tækifærð og þakka honum ötulf og óeigingjarnt starf hans sem hefur frá upphafi verið unnið í algjörri sjálfboðavinnu, eingöngu til uppbyggingar karate á Íslandi.

K.G.H.



KARATE Á ÍSLANDI

Karate á Íslandi á sér nū 12–14 ára sögu. Strax upp úr 1970 var byrjað að iðka þessa austurlensku íþrótt hér-lendis, en það var ekki fyrr en 1972 sem frumkvöðull karate á Íslandi Reynir Santos, filippínskur karatemaður hóf reglugægja karatekennslu í Reykjavík. Í september 1973 var síðan fyrsta karatefélög stofnað, Karatefélag Reykjavíkur, síðan kom Karatefélag Íslands (nú Karatefélög Þórshamar), Karatefélag Akureyrar og Karatefélag Vestmannaeyjar. Til allrar hammingju fyrir þróun karate í landinu hafa ekki nema tvær af aragrúða karatestila borist hingað til lands, en það er shotokan og goju-ryu. Fólkssæð og dreifibýli myndi líklega hamla gegn þróun karate ef fleiri stílafrögði myndu berast hingað.

Upp úr 1980 komst mikill skirkur á uppgang karate-íþróttarinnar hér-lendis, eftir laegð í nokkur ár. Karatefélög og deildir hafa sprottið upp eins og gorkúlur um alit land og eru nú orðin milli 12–14. Karate er nú æft að tveimur stöðum í Reykjavík, tveimur í Kópavogi, í Garðabæ, Álfanesi, Selfossi, Hvolsvelli, Norðfirði, Höfn í Hornafirði, Akureyri og Hafnarfirði. Námskeið hafa verið heldin viða annars staðar.

Það var því kominn tími til, að margra álti, þegar Karatesamband Íslands var stofnað að tilthlutan ÍSÍ þann 28. febrúar 1985. Nú fer Karatesambandið (KAI) með öll mál karate-íþróttarinnar á Íslandi í umboði ÍSÍ.

Eins og með flestar aðrar íþróttir hefur útbreiðslustarf karate verið á höndum örfárra eljusamra karatehugamanna, sem hafa fómað sér fyrir uppgang íþróttar sinnar. Karate er þannig heilandi og spennandi íþrótt sem lætur fáa ósnortna sem kynnast henni að einhverju marki.



Karatelökendur hér-lendis eru nú lauslega áætlaðir um 1000 og er það því um 1/2% af þjóðinni. Annars staðar í Evrópu eru samþærilegar tölur t.d. í Pýskalandi um 0,1% (55–70 þús.) og yfirleitt um 0,1% á hinum Norðurlöndunum. Sem gott dæmi um grósku karate á Íslandi voru til skamms tíma 45 karatefélög í Noregi, en eins og áður sagði eru þau 12 starfandi hér-lendis, en íbúar Noregs eru 20 sinnunum fleiri en á Íslandi.

Athyglisvert er að úti á landi, þar sem karate hefur skotid rótum, er þáttaka gifurleg og hefur náð frá 4–8% af íbúum bæjanna t.d. Selfoss, Hvolsvöllur og Hornafjörður.

Íslensku karatefélöggin hafa frá upphafi reynt að fá hingað til lands færstu karatejálfara til kennslu og hafa sunnið þeirri verið heimskunnir þjálfaraar s.s. Masaoe Kawasoe 6. dan, Ingo de Jong 5. dan og Frans Bork 5. dan. Enginn vali er á því að sliks heimsóknir erlendra þjálfara eru nauðsynlegar til að viðhalda og bæta við kunnáttu íslenskra karatelökenda.

Um 1982 einfist sarnstar karatefélaganna og áhugi jöklst fyrir því að senda íslenska keppendur á móti unnið. Vonandi er að mótið verði karate á Íslandi til sóma og íþróttinni til uppgangs og auglýsingar. Hingað þyrpest

keppendur héðan til þáttöku á NM í Finnlandi, það voru þeir Atli Erlendsson, Árni Einarsson og Ólafur Wallievík, en sá síðestrefndi hreppsti bronsverðlauna í sinum þyngdarflokkki á mótinu. Reglugægir aefingar landsliðsbjállari. Enn var haldin á NM, nú til Karlstad í Svíþjóð, þar stóð sveit Íslands sig mjög vel og munadi oft mjóu að við legðum hinar þjóðirnar að velli. Á því móti hlaut Atli Erlendsson bronsverðlauna í sinum þyngdarflokkki. Vorið 1985 sendi Ísland 4 þáttakendur á EM í Oslo, þau Atla Erlendsson, Árni Einarsson, Jónínu Olesen og Ævar Þorsteinsson. Árni Einarsson náði þar þeim frábæra árangri að komast í undanúrsli í kata og hlaut að lokum 10. sætið af 28 keppendum.

Og nú er komið að Norðurlandamóti í Reykjavík. Undirbúningsvinna hefur staðið yfir síðan snemma í sumar og miðið starf verið unnið. Vonandi er að mótið verði karate á Íslandi til sóma og íþróttinni til uppgangs og auglýsingar. Hingað þyrpest

stórir hópar karatemannna á heimsmælilvarða og er þessi dagur einn sá stersti í íslenskri karatesögu hingað til.

Landslið Íslands hefur aeft af mikilli elju undanfamar vikur og hver og einn ætar að gera sitt besta fyrir Ísland.

En karate er alls ekki bara fyrir keppnisfólk, það er bara litlil hluti af þeim aragrúða sem aefir íþrótt sina af dugnæði um land allt. Þar er aðberandi stóri hópur ungra iðkenda, en börn og unglingar eru mjög mikill hluti karate-iðkenda hér-lendis. Að auki er harður kjarni eldri karatemann, sem finnur með iðkun karate, hvíld frá daglegu amstri og ræktun líkama og sálar.

Í könnunum sem gerðar hafa verið í félögnum hefur komið í ljós að karate er ekki bara karlaþrótt, eins og margur kann að halda, heldur er hlutur kvenna alltaf að aukast og eru nú um 20% iðkenda karate kvenfólk.


Að lokum vil ég bjóða alla keppendur og áhorfendur velkomna á NM '85 í Reykjavík.

Með karatekveðjum,
Karl Gauti Hjaltason
varaformaður KAI

Ginsoplex

Stuðlar að betri heilsu og bættri líðan

Með reglulegri inntöku GINSOPLEX hylkja sem innihalda vitamin, málmsolt og GINSENGEXTRAKT, stuðlar þú að betri heilsu og bættri líðan.



Barts Delfi Apótektar-Gesellskap


FÆST Í APÓTEKINU



1. Svanur Eyþórsson,
Pórshamri, 16 ára nemi.



6. Sigbör Markússon,
Pórshamri, 20 ára
verslunarmaður,



10. Ævar Þorsteinsson,
Breiðabliki, 24 ára rafvélavirkir.



15. Gisli Pálsson,
Breiðabliki, 17 ára nemi,



2. Árni Einarsson,
KFR, 24 ára kennari.



7. Stefán Alfreðsson,
Stjórnar, 26 ára háskólanemi.



11. Ólafur H. Wallevík,
27 ára verkfraðingur.



16. Sigurjón Gunnsteins
KFR, 19 ára kjöldunaðarmaður,



3. Halldór Svavarsson,
KFR, 17 ára nemi.



8. Atli Erlendsson,
KFR, 27 ára póstaflgreiðslum.



12. Kristin Einarsdóttir,
Gerplu, 19 ára nemi,



5. Karl Sigurjónsson,
Pórshamri, 24 ára húasmiður.



9. Jóhannes Karlsson,
KFR, 24 ára háskólanemi.



14. Jónína Olesen,
KFR, 22 ára nemi.

KEPPNISREGLUR KAÍ

STIGAGJÖF

1. Keppni vinnet með því að keppandi fær 3 ippon, 6 waza-ari, eða einhverjar samsetningar af því, sem samanlagt gefa sanbon. Keppni er stöðuvöð, kíken, með dómaraúskurði þar að lú- undi eða við það að örðum keppenda sé refsad með hansokt eða shikkaku.

2. Ippon jaflgildir 2 waza-ari.



Waza-ari
1/2 stig

3. Ippon skal dæmt sé eftirfarandi skilyðum fullnaægt: Pégar viðurkenndri árasartækni er beitt gegn viðurkenndu áars-svæði með: Göðum stil, réttir líkamsstöðu, krafft, árvekni, góðri tímasetningu og réttir fjarlaegð.



Ippon
1 stig

4. Ippon skal einnig dæmt i eftirfarandi tilvikum jaflvel þó að einhverjum ofangreindra skilyrða sé ekki fullnaægt.

a) Sé Jodan sparktaekni notuð.
b) Verði keppandi fyrir áras í sama mund og hann ætlar sjálfur að gera áras.

c) Sé „blokkingu“ fylgt eftir með áras á óvanlögum.

d) Sé sveiflu eða kasti fylgt eftir með viðurkenndri árasartækni.

e) Við samsetningu aðferðar sem hvor fyrir sín nægir til wazaari.

5. Waza-ari er gefið fyrir taekni sem jaflgildir næstum ippon. Dómarar eiga tyrst og fremst að sækjast eftir að gefa ippon en að eins að örðum kosti að gefa waza-ari.

6. Sigur sem vinnt með hansoku - eða shikkaku-refsingu andstæðingsins, jaflgildir sanbon (3 ippon). Sé keppandi fjarverandi eða hætti keppni (kíken), fær andstæðingur hans sanbon.

7. Eftirarandi árasarsvæði eru viðurkennd:

1) Höfuð, 2) andlit, 3) háls, 4) byngd, 5) bringa, 6) bak (samt ekki herðablöð).

8. Sé áhrifamikill taekni beltit um leið og „blásið er til leiksloka“, skal hún viðurkennd. Aftur á móti má alreið dæma taekni eða aðferð gilda, hversu vel sem hún er eftir að yame hefur verið dæmt.

Beitanda getur aftur á móti verið refsad vegna athæfis sins.

9. Tækni má alreið viðurkenna sér báðir keppendum utan keppnisvallar. En sé beitandi innan vallar og sé tæknin notuð áður en yame er dæmt, skal hún viðurkennd til fuls.

TSUSUKETE HAJIME haldið keppni áfram



Dómari stígar aftur í zen-kutsudachi setur út hendurnar og „slær“ þeim aftur saman

10. Sé áhrifamiklum aðferðum beitt samtimis, dæmist aí uchi p.e. ekkert stig.



Aí uchi
aðferðum beitt
samtimis, ekkert
stig

DÓMAR

1. Sigur, þar sem hvorugur keppenda fær sanbon, kíken, hansoku eða shikkaku, grundvallast á eftirfarandi atriðum:

a) Hvort annar keppenda hafi fengið fleiri ippon eða waza-ari en andstæðingur hans.

b) Líkamsstöðu, baráttuhug og styrkleika keppanda.

c) Yfirburðum í bardagataækni og tilraunum til árasa.

2. Í þeim tilvikum þar sem hvorugur keppenda getur verið útnefndur sigurvegari vegna yfirburða í stigum, skal eftirarandi gilda:

a) Hafi hvorugur keppenda fengið stig við keppnislok, skulu úrslit fast með hantei.

b) Hafi báðir keppenda fengið jaflmörð stig við keppnislok, skulu úrslit einnig fast með hantei.

c) Hafi hvorugur keppenda við keppnislok synt neina yfirburð, skal hikiwake, jaflteili dæmt.



Torimasen HIKIWAKE
ekkert stig, jafltefi
lófum snuð í
lófum snuð
upp

3. Áminningar og refsingar í viðureign fylgja keppenda til encho-sen.

4. Sigurið talsi það lið sem unnið hefur flestar viðureignir.

5. Hafi bæði lið unnið jaflmargar viðureignir, vinnur það lið sem fengið hefur flest stig p.e. bæði i tap- og sigurviðureignum.

6. Hafi bæði liðin jaflmarga sigra og jaflmög stig, þá er skorin úr um sigurið með úrlitskeppni, þar sem „fulltrúa“ hvors liðs keppa. Skyldi jafltefi einnig verða í þeiri viðureign, verður gripið til encho-sen p.e. framlengingar þar sem sé keppandi sem fyrstur fær stig sigrar (sudden-death). Skyldi einnig verða jafltefi í henni, má skipta um „fulltrúa“ par til úrlits næst.

7. Við jafltefi í einstaklingskeppnum skal gripið til encho-sen. Ef jafltefi verður í encho-sen, kveða dómarar upp úrskurð samkvæmt niðurstöðu meirihluta dómenda.

BOD OG BÖNN

1. Eftirarandi atriði eru bönnuð: a) Aðferðir sem snerta háls.

B) Of kraftmikil snerting með til árásarsvæði. Stjórn á hreyfingum verður að vera góð. „Skintouch“ má i vissum tilvikum dæma til stigs. Samt má alreið gefa stig fyrir högg eða spark sem veldur meiðslum og skal beitanda refsad í sumum þeira tilviks vegna brests að líkamsstjórn. Meira umburðarlyndi skal haft þegar spartakærni er beitt, svo lengi sem hreyfingin er yfirveguð og veldur engum meiðslum.

c) Árasír á kví, liði og rist.

d) Árasír á andlit með nukite eða opinni hendi.

e) Hættuleg kost, p.e.a.s. kost þar sem andstæðingurinn gæti fallið illa.

f) Aðferðir sem ómögulegt er að stjórnna nægilega vel, p.e. sem stofna öryggi andstæðingsins í hætti.

g) Endurteknaðr beinar árasír á handleggi og fastur.

h) Endurtekinn „mottulflótt“ = jogai. Með jogai er átt við stöðu þar sem fótur keppenda er jaflvel aðeins að hluta til utan keppnisvæðins. Einu undantekningarnar eru þegar keppanda er kastað eða hrint út af svæðinu. Ef „mottulflótt“ á sér stað skal dóm-

ari stöðva viðureignina samstundis, skipa keppendum að fara í upphafsstöður sinar og segja jogai við viðkomandi aðila og hefja viðureignina að nýju.



JOGAI
„mottulflótt“
dómarinn bendir
á markalinuna
bak við hinn
áminnta.

i) Að gripa í andstæðinginn, takast á við hann og stjáka við honum að óþoru.

j) Mubobi. Með mubobi er átt við tilfelli þar sem annar eða báðir keppenda sýna greinilegan skort á umhugsun um eigin öryggi.

k) Ovirðuleg, ókurteis hegðun til bess að stofna til æsinga, eða óþorið tjáspti. Keppanda, þjálfara eða óður fulltrúa liðs, sem venjó hefur okurteis í ummælum eða athófnum gagnvart dómurum, getur verið meinað áframhaldandi þáttaka og stundum öllu liðinu einig.

l) Að pykjað vera meiddur eða ýkja meiðslu sin til að hagna á því.

2. Í sambandi við fyrrgreind atrið skal eftirfarandi gildi fyrr þjálfara. Hann á að halda kyrn fyrir á sínum stað á meðan viðureigninni standur og má hvorki með örðum eða athófnum valda því að truffun verður á viðureignini eða hana verður að stöðva. Gerist það getur honum og keppanda hans venjó refsad samkvæmt eftirarandi „hegningarflögum“.

REFSING

1. Hverjum þeim keppenda sem brýtur lög þess skal vera veitt áminning og séla refsad. Refsinguna veitir dómarinn eftir reglugundinum samráð við hina dómarana.

2. Áminningar eru veitir fyrir tilraun til smárra reglubrotta og eru stundum veitir fyrir fyrsta smávægilega reglubroti.

3. Eftirarandi „refsiskali“ gildir: Keikoku


Er refsing þar sem andstæðingnum er veitt waza-ari og er hún notuð við smárra brot sem áður hefur verið veitt áminning fyrir, eða við brot sem ekki geta talist nálgan alvarleg fyrir hansoku-chui.



Keikoku
1/2 stig refsing
Dómarinn bendir á fætur
hins refsada.

Hansoku-chui

Er refsingar sem andstæðingnum er veitt ippon og er notuð við alvarlegri brot eða við endurtekningsar smærri brota sem áður hefur verið veitt keikku fyrir.



HANSOKU-CHUI

1. stigs refsing.
Dómari bendir á magann.



HANSOKU villa.

Dómari bendir á andlitið.

Hansoku

Er dæmt við séstaklega gróft brot og hefur það í for með sér að andstæðingurinn fær sanbon. Hansoku er einnig dæmt þegar samanlagðar refsingar keppanda gefa andstæðingi hans sanbon.

Shikkaku

Hefur í for með sér brottvisun frá keppninni, hluta hennar eða sjálfti viðureigninni. Andstæðingurinn fær sanbon. Til þess að ákveði hvornig brottvisunin eiga að gilda, á oddladóman að kveða sér hljóðs. Sá hinn sami getur beint erindi þessu til dómararnefndarinnar til frekari staðfestingar.



KATA

Taka skal tillit til eftirfarandi atriða við dóma og stigagjöt kata.

a) Keppandi verður að hafa gert kata með firmi og sýnt greinilegan skilning á þeim atriðum og meginreglum sem eru í kötunni.

b) Keppandinn verður að hafa sýnt: Réttu eftirtekt, chakugan, réttu beittan styrk, gott jafnvægi og réttu öndun.

c) Tillit skal tekið til heildarfarmóku keppandans.

Keppandinn dæmist úr leik ef hann stoppar í miðri kötu eða breytir út af eða ef hann framkvæmir aðra en sagt var til um.



Keppnin fer fram með útsláttafyrirkomulagi, þar til 2 keppendur eru eftir í úrslitum. Peir sem tapa fyrir þeim, keppa svo um 3. sætið, þ.e.a.s. fara í svokallaðan uppreisnarflokk (rekvalifisering).

Uppreisnarflokkurinn gengur þannig fyrir sig:

Sá sem tapar fyrir þeim sem kemst í úrslit, í fyrstu umferð (B), mætir þeim sem tapar fyrir þeim sem kemst áfram í annarri umferð (D), o.s.frv. Í dæminu hér við hlíðina, hefur D og F komist áfram til baráttunnar um 3. sætið.

Dagskrá NM 1985 karate í Reykjavík

10.00 Setning mótsins Hannes Hilmarsson formaður KAI

10.05 Kumite karl	-60 kg	(Svæði 1)
10.05 Kumite karla	-70 kg	(Svæði 2)
10.25 Kumite karl	-75 kg	(Svæði 2)
10.30 Kumite karla	-65 kg	(Svæði 1)
10.40 Kumite karla	-80	(Svæði 2)
10.50 Kumite kvenna	-53 kg	(Svæði 1)
11.15 Kumite kenna	-60 kg	(Svæði 1)
11.15 Kumite karla	+80 kg	(Svæði 2)
11.30 Kumite kvenna	+60 kg	(Svæði 1)
11.50 Team karla Ísl—Finnl		(Svæði 2)
11.50 Team karla Sví—Nor		(Svæði 1)
12.20 Team karla Ísl—Sví		(Svæði 2)
12.20 Team karla Nor—Fin		(Svæði 1)
12.55 Kata kvenna		(Svæði 2)
13.15 Kata karla		(Svæði 2)
13.35 Íslensk glima. Félagar úr KR sýna nokkur brögð.		

HLÉ

Úrslit fara fram á svæði 2

14.00 Kumite kvenna	-53 kg
14.15 Kumite kvenna	-60 kg
14.30 Kumite kvenna	+60 kg
14.45 Kumite karl	-60 kg
15.00 Kumite karla	-65 kg
15.15 Kumite karla	-70 kg
15.30 Kumite karla	-75 kg
15.45 Kumite karla	-80 kg
16.00 Kumite karla	+80 kg
16.15 Team kvenna	Finnland—Noregur
16.40 Team karla	Finnland—Svíþjóð
17.20 Team karla	Ísland—Noregur
18.00 Kata kvenna	
18.20 Kata karla	
19.00 Mótsslit	

Verðlaunaafhending fer jafnóðum fram á svæði 1.

Framkvæmdastjóri mótsins: Hannes Hilmarsson formaður KAI
Ádalritari mótsins: Karl Gauti Hjaltason varaform. KAI

Dómarar:

Gerry Flemming	Ísl
Leif Söderberg	Svi
Kjell Sivertsen	Nor
Kari Kuula	Fin
Timo Wiala	Fin

BROADWAY

„SKRAUTFJÖÐRIN
Í ÍSLENSKU SKEMMTANALÍFI“



BROADWAY

ÁLFABAKKA 8 · 109 REYKJAVÍK · ICELAND

SÍMAR 77500 · 687370

FÉLÖGIN

Karatefélagið Pórshamar

I október 1975 stofnaði Reynir Santos 3. Dan Karatefélagið Íslands, það félag lagðist niður vorið 1977 en Giði Klemenzson og Karl Gauti Hjaltason endurstofnudu það 27. maí 1979 og er stofndagur miðaður við þá dagsetningu. Félagið hefur borin því nöfn frá breyfti en 1981 var nafninu breytt í Shotokan Karatefélagið og loks 1983 í Karatefélagið Pórshamar. Karl Gauti Hjaltason hefur verið formaður félagsins lengst af en i vor tók Þorsteinn Einarsson við formannsembættinu.

Eftir að hafa aefti aðstöðu JFR um árabil var nú í haust flutt í glæsilegan sal í Árseli, Árbæ.

Aðalþjálfarar félagsins eru Karl Sigurjónsson 1. Dan, Sigrún Markússon 2. Kyu og Svanur Eyþórsson 2. Kyu, þeir eru einnig bekktustu keppnismenn félagsins.

I Pórshamri er aefður shotokan karatestill. Félagið hefur getið út Karateblaðið sem er eitt af fáum blöðum sem fjalla um karatepróttina.

Æflingatímar:

Mánudagskvöld,
föstudagskvöld og
Laugardagsmorgna.

Kennslu fer fram í tvémur byrjendaflokum, yngri og eldri, og í einum Framhaldsflokki.

Karatedeild Breiðablikis

Haustið 1984 stofnsetti Ævar Þorsteinsson Karatedeild Breiðablikis í Kópavogi. Nú í haust afa um 30 manns hjá deildinni og að vonum hjá svo yngri deild eru meirihluti félagsmanna byrjendur.

Breiðablik er eina karatedeildin sem hefur að yfirlístu markmið að afa sérstaklega keppnisform karate, kumite

Æflingar eru í íþróttahúsi Digranesi prísvar í viku sem hér segir:

Mánudaga	kl. 20.00
Fimmtudaga	kl. 20.00
Laugardaga	kl. 20.00

Þekktustu keppnismenn KDB eru á samti Ævari þeir Einar Karl Karlsson UMSK-meistari 1984 og Giði Pálsson. Æflur er shotokan karatestill.

Upplýsingar fást í síma 641158

Karatefélag Reykjavíkur

Karatefélagið var stofnað í september 1973. Þar eru nú aðalþjálfarar þeir Atli Erlendsson og Árni Einarsson, báðir 1. dan. Þeir, ásamt Jónínu Olesen, eiga eina glæsilegustu keppnisskrá í karate hérlandis.

Hjá Karatefélagini er aeft reglulega allt ár. Boðið er upp á æflingar prísvar í viku í 1 1/2 tíma í sunn. Sunnar afa oftar, aðrir sjaldnar. Krakkaflokkar (8-12 ára) æfa tvísvar í viku í klst. í einu. Kennslan í þeim flokkum byggist mikil á leikjum og mótmun hreyfinga. Hvert námskeið er 3 mánuður og eru prísvar á ári. Að þeim loknum er breytt hæfnispróf (gráðun). Auk hefðbundinna æflinga eru æflingabúðir með eða án erlendra þjálfara, móti o.fl.

Hjá Karatefélagini er íþróttar goju-kai karate-d. Aðalþjálfari goju-kai á Norðurlöndum er shilan Ingo de Jong. Hann hefur komið reglulega hingað til lands, síðustu ár og þjálfarar félagsins, farið er lendi til hans í æflingabúðum.

Hjá Karatefélagini er aeft óll kvöld frá kl. 19.00. Ef ylkur vantað násnari upplýsingar, er þær að fá að Ármúla 36, 3. hæð eða í síma 35025 á æflingatíma.

Karatedeild Stjörnunnar Garðabæ (KDS)

KDS var stofnuð haustið 1981. KDS æfir í íþróttahúsinu Ásgarði Garðabæ. Æfl er í tvémur flokkum, sem hér segir:

Framhaldsflokkur:	Byrjendaflokkur:
19.20 - 20.40	18.50 - 19.20
21.20 - 22.40	20.30 - 21.20

Allar upplýsingar eru gefnar á æflingatíma í síma 53066.

Aðalþjálfarar eru þeir Atli Erlendsson og Árni Einarsson báðir 1. dan. Hjá KDS er þjálfarar japanskur karatestill gjöryu. Formaður KDS er Hannes Hilmarsen sem jafnframt er formaður KAL.

KDS hefur verið héraðsmeistari UMSK þrijá á röð eða frá upphafi UMSK-móta. Einnig hefur deildin staðið sig vel á öðrum móturnum. Helsta keppnisfólk KDS hefur verið Stefn Alfreðsson, Ólafur Skúlason, Marie Stefánsdóttir, Fanney Ásgeirs dóttir, Kristján Búason og fl.

Haldin eru tvö námskeið á ár, sept-des. og jan. —maí. Alitaf hefur verið reynt að halda uppi e-h sumarstarfi á vegum deildarinnar. Deildin hefur auk reglulegra æflinga teknar þátt í samstarfi með öðrum félögum bæði samaæflingum, keppnum og æflingabúðum.

F.h. KDS
Stjórnin

Karatedeild Gerplu

Karatedeild Gerplu var stofnsett haustið 1981 og er því búin að starfa í 4 ár. Að jafnaði æfa um 50 - 70 manns hjá deildinni um mesta annatmann. Kenndur er shotokan karatestill, sem einkennist af djúpum stöðum og langdrægum höggum og spörkum.

Æflingatímar eru nú:

Mánudaga	20.40	í Gerpluhúsini
Fimmtudaga	17.00	í Digranesi
Laugardaga	10.00	í Digranesi

Þjálfari er Karl Gauti Hjaltason 1. Dan.

Gerplu hefur á að skipta nokkrum efnilegum karatemönnum t.d. Kristín Einarsdóttur sem hefur verið framarlega í flokki karatekvenna um tíma, Grimur Pálsson hefur staðið sig mjög vel í kata og er talinn einn sá allra efnilegastí þar, að auki má nefna Erlend Arnarsson og Kristjóni Sigurðardóttur.

Byrjendanámskeið eru haldin á 2-3 mánaða fresti og upplýsingar eru góðlúseignar gefnar í Gerplu, Skemmuvegi 6, Kópavogi eða í síma 74925.

Karatesamband Íslands

Karatesamband Íslands var stofnað 28. febrúar sl. og er því einnig yngsta sérsamband innan ISL. Þó KAI sé ungt að árum hefur verið unnið að ýmsum verkefnum af fullum krafti. Haest ber pressureik, þar sem, landslið keppti við innlent úrval, fyrsta Íslandsmeistararamótum í karate, landskeppni við Svíþjóð, þáttöku í Evrópumeistararamótinu '85 og nú NM '85 í Reykjavík.

Ýmis störf biða brautryðjenda. Það var mikill áfangi fyrir karatehreyfinguna á Íslandi þegar formlega var stofnað karatesamband innan ISL.

Stjórn KAI vill fára ISL þakkir fyrir gott samstarf og góðan stuðning, einnig vill stjórn KAI þakka starfsmönnum, áhorfendum og öðrum þeim sem stutt hafa við bakið á Karatesambandi Íslands.

Stjórn KAI

STYRKTARLÍNUR:	STYRKTARLÍNUR:
ALMENNAR TRYGGINGAR, Síðumúla 39.	MAZDA.
AXEL EYJÓLFSSON, Smiðjuvegi 9.	MICHELSEN, Hólagarði.
ÁGÚST ÁRMANN HF.	SAMVINNUBANKINN, Hafnarfirði.
BÍLVANGUR SF, Höfðabakka 9.	SÓLNING HF, Smiðjuvegi 32–34.
BÓKHLAÐAN HF, Laugavegi 39.	VAKA, Stórhöfða 3.
BROADWAY	VIDAL SASSOON, heildverslun.
BÚNAÐARBANKINN, Kópavogi.	VÖRUMARKAÐURINNHF, Ármúla.
DYNJANDI, Skeifunni 3.	GEFENDUR BIKARA:
GÓA HF, Reykjavíkurvegi 72.	HILDA HF
HEILBRIGÐISEFTIRLIT Kópavogs.	OLÍUVERSLUN ÍSLANDS HF
HJÓLBARÐAHÖLLIN, Fellsmúla 24.	ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS



HM 85

Útgefandi:
KARATESAMBAND
ÍSLANDS
Ritstjóri og ábmr.:
Pór Ólafsson.
Ljósmyndir:
Kjell Tveit
Pór Ólafsson
Setning, umbrot, filmuvinnna,
prentun og bókband:
Steinmark

WORLD CHAMPIONSHIP

Ísland

1. Svanur Eyþórsson	-60 kg		
2. Árni Einarsson	-60 kg	sveit kata men	4 NM 1984
3. Halldór Svararsson	-75 kg		
5. Karl Sigurjónsson	-65 kg	sveit	
6. Sigbörn Markússon	-60 kg	sveit	
7. Stefán Alfreðsson	-70 kg	sveit	
8. Atli Erlendsson	-65 kg	sveit kata men	3 NM 1984
9. Jóhannes Karlsson	-80 kg		
10. Ævar Þorsteinsson	+80 kg	sveit	
11. Ólafur H. Wallevík	-53 kg	sveit	3 NM 1982
12. Kristín Einarsdóttir	-53 kg	kata women	
14. Jónína Olesen	-53 kg		
15. Gísli Pálsson	-70 kg		
16. Sigurjón Gunnsteins	-75 kg	sveit	

Þjálfari: Ólafur H. Wallevík

Finnland

20. Kimmo Koski	-60 kg		1 NM 1984
21. Janne Timonen	-65 kg	sveit	
22. Kim Waernerberg	-70 kg	sveit	2 NM 1984
23. Jukka Lindström	-70 kg	sveit	
24. Mika Manninen	-75 kg	sveit	
25. Tapio Pirttioja	-80 kg	sveit	4 NM 1984
26. Jouko Turunen	+80 kg	sveit	1 NM 1984
27. Ari Viljama	+80 kg	sveit	2 NM 1984
28. Sari Kauria	-53 kg	sveit	2 NM 1984
29. Sari Laine	-53 kg	sveit	1 NM 1984
30. Riiitta Varlius	-60 kg	sveit	1 NM 1984
31. Yrsa Lindqvist	+60 kg	sveit kata women	2 NM 1984
32. Erik Raittinen		kata men	
33. Tove Monni		kata women	

Þjálfari: Olavi Tuovinen

Manager: Kim Isaksson

Noregur

40. E. Eide	-60 kg	sveit	
41. S. Rønning	-60 kg	sveit	3 NM 1984
42. A. Lund	-65 kg	sveit	2 NM 1984
43. M. Alstadhaugen	-75 kg	sveit	3 NM 1984
44. B. Nyborg	-80 kg	sveit	3 NM 1984
45. A. Engh	-80 kg	sveit	3 HM 1984
46. E. Hjerpaasen	+80 kg	sveit	4 NM 1984
47. A. Myhren	-53 kg	sveit	3 NM 1984
48. M. Engelstad	-60 kg	sveit	2 HM 1984
49. S. Hansen	-60 kg	sveit	2 NM 1984
50. S. Nygaard	+60 kg	sveit	4 NM 1984
51. K. Lunde	+60 kg	sveit	1 NM 1984

Þjálfari: Martin Burkhäuser

Svíþjóð

60. Kristian Keil	-60 kg		2 NM 1984
61. Flavio Donatello	-70 kg	sveit	1 NM 1984
62. Marrku Partanen	-75 kg	sveit	1 NM 1984
63. Thomas Hallman	-80 kg	sveit	
64. Göran Thell	-80 kg	sveit	2 NM 1984
65. Karl Daggfeldt	+80 kg	sveit	2 WG 1985
66. Leslie Jensen	+80 kg	sveit	3 WG 1985
67. Conny Ferm		kata men	2 NM 1984
68. Paul Kee		kata men	1 NM 1984
69. Lena Svensson		kata women	1 NM 1984

Þjálfari: Håkan Nygren

BIKARINN



KWON VIÐURKENNDIR
ÆFINGA- OG KEPPNISGALLAR

KWON-

MERKI
MEISTARANNA



BIKARINN
Skólavörðustíg